



MINNISBLAÐ

Til: Stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis (SEN)

Frá: Ríkisendurskoðun

Dags: 5.5.2017

Efni: Um rekstrarkostnað Ríkisendurskoðunar í fjármálaáætlun 2018-2022

Á fundi ríkisendurskoðanda með SEN þann 2. maí sl. var farið yfir málefni Ríkisendurskoðunar í fjármálaáætlun 2018-2022. Ég gat þess að ég hefði ekki vitneskju um hlut Ríkisendurskoðunar í þeim fjárhagslegu áherslum sem fram koma í niðurlagi umfjöllunar um málefnasvið 1 „Alþingi og eftirlitsstofnanir þess“ en þar er birt tafla um fjármögnun málefnasviðsins í heild. Ennfremur gat ég þess að texti og afmörkun milli Umboðsmanns Alþingis og Ríkisendurskoðunar hefði mátt vera skýrari. Ekki verður fjallað sérstaklega um það en reynt að fara nokkrum orðum um hlut stofnunarinnar í skýringartöflu sem skrifstofa Alþingis fékk frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Stofnunin sendi skrifstofu Alþingis á sínum tíma áætlun stofnunarinnar um hvaða fjármuni stofnunin þyrfti til að geta staðið við þau markmið og áform um árangur á tilgreindu tímabili. Í samræmi við innsendar tölur og texta þá vann skrifstofa Alþingis heildaryfirlit um málefnasviðið og málaflokka og sendi fjármála- og efnahagsráðuneytinu í samræmi við það form og fyrirsmáli sem nota átti við gerð fjármálaáætlunar.

Með því að tölur í fjármálaáætluninni voru töluvert öðru vísi en þær sem voru innsendar þyrfti að afla skýringa á því hverju hefði verið breytt. Taflan sem ég gat um á fundinum skýrði málið að stórum hluta en enn er nokkur óvissa um hvaða stofnun eða stofnanir þurfa að taka til sín tilteknar niðurfellingar tímabundinna fjárveitinga sem nema 97 m.kr. á árinu 2018 og 10 m.kr. á árinu 2019. Þar sem ég man ekki eftir neinni tímabundinni fjárveitingu er líklegt að þær séu hjá Alþingi. Hér ber þó að hafa í huga að stofnunin fékk á sínum tíma sérstaka fjárveitingu í tengslum við innleiðingu nýrra reikningsskilastaðla og breyttra uppgjörsreglna í tengslum við innleiðingu nýrra laga um opinber fjármál. Gert er ráð fyrir að sú fjárveiting sé ekki tímabundin. Með sama fyrirvara er gert ráð fyrir nýju útgjaldasvigrúmi að fjárhæð 150 m.kr. árið 2018 og 10 m.kr. árin 2019-2022. Þá er reiknaður raunvöxtur 227 m.kr. á tímabilinu en útgjaldaaðhald 283 m.kr. til lækkunar á tímabilinu. Gert er ráð fyrir að farið verði yfir þessa töflu með skrifstofu Alþingis og Umboðsmanni Alþingis um miðjan maímánuð.

Að því gefnu að allar óvissar breytingar verði hjá Alþingi en ekki hjá Ríkisendurskoðun þá má segja að Ríkisendurskoðun geti unað við þær fjárhagsáætlanir sem felast í fjármálaáætluninni. Ykkur til upplýsingar fylgir frumtafla Ríkisendurskoðunar ásamt greinargerð.

00-620 Ríkisendurskoðun - rekstraráætlun árin 2018 - 2022								
Tegund	Fjárlög	Rekstur	Áætlun					
	2017	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Laun	598,1	539,7	649,2	649,2	662,4	662,4	662,4	676,0
Önnur rekstrargjöld	85,3	71,0	75,6	75,6	75,6	75,6	75,6	75,6
Afskriftir	-	-	-	-	-	-	-	-
Samtals	683,4	610,7	724,8	724,8	738,0	738,0	738,0	751,6
Sértekjur	-43,3	-60,1	-60,0	-45,0	-45,0	-45,0	-45,0	-45,0
Hrein útgjöld	640,1	550,6	664,8	679,8	693,0	693,0	693,0	706,6
Fjárfesting	5,6	15,1	6,0	8,0	6,0	6,0	6,0	14,0
Rekstrar- og fjárfestingaheimild	645,7	565,7	670,8	687,8	699,0	699,0	699,0	720,6

Forsendur:

Stefnt verður að því að fjárveiting Ríkisendurskoðunar nái því marki að verða 0,1% af útgjöldum fjárlaga líkt og var fram að fjármálakreppunni.

Engin ákvörðun hefur verið tekin um eignfærslu varanlegra rekstrarfjármuna Ríkisendurskoðunar og af þeim sökum er ekki gerð nein tillaga um árlegar afskriftir þeirra.

Byggt er á gildandi kjarasamningi og nýjum stofnanasamningi sem gerður var á árinu 2016 og tók gildi um mitt árið 2016. Stofnanasamningurinn tók mið af launaþróun liðinna ára með samanburði við viðmiðunarhópa. Kjararáð hefur ekki enn úrskurðað um laun ríkisendurskoðanda.

Ársstörf á árinu 2017 verða 47 en áformað er að á árinu 2019 verði fjölgað um eitt og annað árið 2022. Í lok tímabilsins verða þá 49 ársstörf hjá stofnuninni.

Gert er ráð fyrir að stofnunin haldi þeirri sérstöku fjárveitingu sem ákveðin var vegna innleiðingar á lögum um opinber fjármál (LOF) á árinu 2017. Full þörf er á að sú fjárveiting verði varanleg þar sem endurskoðun ríkisreiknings og reikninga stofnana og fyrirtækja verði flóknari og tímafreakari en áður.

Aðsetur stofnunarinnar er að Bríetartúni 7 og er húsnæðið fullnægjandi fyrir starfsemi stofnunarinnar á þessu tímabili. Gengið út frá því að húsaleiga verði í samræmi við gildandi húsaleigusamninga.

Fjárfestingaáætlun tekur mið af eðlilegri endurnýjun alls búnaðar Ríkisendurskoðunar. Fyrirhugað er að á árinu 2018 verði hafin uppsetning á öryggiskerfi við húsnæði Ríkisendurskoðunar með kaupum á öryggismyndavélum í samráði við Ríkiseignir og tengingu þeirra við tölvubúnað Ríkisendurskoðunar. Þá er áformað að endurnýja bifreið stofnunarinnar á árinu 2022 en núverandi bifreið var keypt á árinu 2016.

Fyrirhugað er að endurskoðun eins af þremur stórum fyrirtækjum sem eru í endurskoðun hjá stofnuninni verði útvistuð á árinu 2018 en ákvörðun um frekari útvistun verður tekin síðar.